

# Reglugerð um veitingu heiðursviðurkenninga Golfklúbbsins Dalbúa

## 1. gr.

Stjórn Golfklúbbsins Dalbúa er heimilt að veita þeim sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi klúbbsins heiðursviðurkenningar eftir því sem segir í reglugerð þessari.

## 2. gr.

Heiðursviðurkenningar eru þessar:

- a) Heiðursfélagi Dalbúa
- b) Heiðursmerki úr gulli
- c) Heiðursmerki úr silfri
- d) Starfsmerki GD

Stórn GD útnefnir heiðursfélaga og þarf til samþykki  $\frac{3}{4}$  stjórnarinnar. Heiðursfélagi fær afhent heiðursskjal viðurkenningunni til staðfestingar. Heiður þessi er sá æðsti, sem golfklúbburinn veitir. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjöldum, en hafa öll réttindi sem fylgja félagsaðild.

## 3. gr.

Nafnbótina heiðursfélagi má aðeins veita þeim sem hefur unnið frábært starf í þágu golfklúbbsins og eigi skemur en 10 ár. Heiðursfélagar mega aldrei vera fleiri en 10 hverju sinni og skal heiðursskjal klúbbsins afhent á aðalfundi eða við hátíðleg tækifæri.

## 4. gr.

Stjórn GD gerir tillögu um veitingu heiðursmerkis úr gulli. Heiðursmerki úr gulli má veita þeim félagi sem unnið hefur frábært starf í þágu félagsins og eigi skemur en 10 ár.

Kosning og afhending merkisins skal vera með sama hætti og getur um heiðursfélaga.

## 5. gr.

Stjórn GD gerir tillögu um veitingu heiðursmerkis úr silfri. Heiðursmerki úr silfri má veita þeim félagi sem unnið hefur gott starf eða keppni í þágu félagsins

Kosning og afhending merkisins skal vera með sama hætti og getur um heiðursfélaga.

## 6. gr.

Starfsmerki GD má veita þeim sem starfað hafa vel fyrir golfklúbbinn svo og þeim sem stjórn GD telur ástæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd klúbbum.

Kosning og afhending merkisins skal vera með sama hætti og getur um heiðursfélaga.

## 7. gr.

Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar GD hafa einir rétt til þess að bera þær og er óheimilt að framselja þær.

## 8. gr.

Stjórn GD skal halda gerðabók þar sem skrá skal handhafa heiðursviðurkenninga GD.

*Reglugerð þessi var samþykkt á fundi stjórnar GD 10. ágúst 2009.*